

Ed.

252. Nefndarátt

um frumvarp til laga um rjett til fiskiveiða i landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og ítarleg greinargerð við það.

Nefndin leit svo á, að frumvarpið innifeli mörg mikilsverð ákvæði til tryggingar því, að ríkisborgarar njóti þess rjettar, er þeim ber til veiða i landhelgi fram yfir aðra. En þar sem í greinargerðinni er mjög greinilega bent á þetta, sem og önnur nýmæli frumvarpsins, finnur nefndin enga ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál hjer, en vísar til þess, sem þar er tekið fram.

Nefndin mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1922.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Karl Einarsson,
fundaskr. og ritari.

Einar Árnason.